

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Akureyri 15.11.2022

Efni: Umsögn Dýralæknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi). Þingskjal 53 — 53. mál

Áður hafði Dýralæknafélag Íslands (DÍ) sent frá sér umsögn um málið þ.e.a.s. frumvarp lagt fram á 151. og 152. löggjafarþingi (15. mál).

Fyrri umsögn félagsins byggði á þeim aðferðum sem notaðar eru til að meta velferð dýra, félagið telur að slíkt mat ætti að liggja til grundvallar umrædds frumvarps (53. Mál).

Í millitíðinni, það er á milli þess að frumvarpið er lagt fram í fyrsta og annað sinn, hefur ýmislegt verið gert til að meta fleiri þætti búgreinarinnar og safna fleiri gögnum til að geta með öruggari hætti sýnt fram á hvort heilbrigði og velferð þessara dýra sé tryggð. Þar má nefna reglugerð nr 900 frá 2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum, sem gildir til þriggja ára. Auk þess hefur komið til fjárveiting frá hinu opinbera þar sem óháður aðili hefur hafið rannsókn, sem er mun umfangsmeiri en fyrri rannsóknir, um blóðhag, blóðefnastöðu og aðra þætti til að meta áhrif blóðtökunnar á líkamlega þætti hjá hryssunum. DÍ leggur áherslu á að þær niðurstöðurnar verði ritrýndar og birtar.

Það er mat DÍ að fara þarf mjög varlega í að veita heimildir til frekari útpenslu á greininni allavega hið minnsta þar til gögn úr þessum blóðrannsóknum/fleiri rannsóknum liggja fyrir. DÍ vill einnig koma því á framfæri að rökin fyrir því að banna búgreinina þurfa að vera skýr, þau þurfa að vera byggð á staðreyndum. Ef slíkt bann ætti að byggja á dýravelferð, þurfa rökin að vera að einn eða fleiri skilgreindir þættir dýravelferðar séu fyrir borð bornir, samanber umsögn Dýralæknafélagsins frá 15. janúar síðastliðinn.

Virðingarfyllt

Bára Eyfjörð Heimisdóttir

Formaður DÍ

